

REGLUR UM SKÓLASÓKN NEMENDA

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum



1 0-9 stig

Umsjónarkennari sendir upplýsingar um skólasókn til foreldra/forráðamanna nemandans.

2 10-15 stig

Kennari leitar orsaka fyrir vanda nemandans. Samtal fer fram við nemanda og hvatning til úrbóta. Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála.

3 16-25 stig

Ef nemandi er kominn með 16 stig eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og jafnframt gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.

4 26-36 stig

Ef nemandi fer yfir 26 stig er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem m.a. getur óskað eftir aðstoð fræðslu- eða fjölskyldusviðs. Fagfólk þessara sviða gerir áætlun og metur hvort tilkynna þurfi mál til barnaverndar.

5 37+ stig

Barnavernd fer með mál.

Góð mæting í skóla er viðamikill þáttur í farsælli skólagöngu og vellíðan barna og unglinga. Miklar fjarvistir úr skóla geta verið kvíðavaldandi fyrir börn og unglinga og haft áhrif á námsárangur.

Allt skólasamfélagið (forsjáradilar, nemendur, starfsfólk skóla) verður að bera virðingu fyrir mikilvægi skólasóknar alla 180 skóladaga nemenda í grunnskóla á hverju ári. Mikilvægt er að raunmæting sé skráð á vitnisburðarblað nemenda í lok skólaárs. Með raunmætingu er átt við að tekið er tillit til allra fjarvista, hverju nafni sem þær nefnast og þær reiknaðar sem prósentuhlutfall af skólasókn yfir skólaárið.

Í grunnskólum Akureyrarbæjar eru fjarvistir og óstundvísi skráðar í Mentor eða Námfús og þar safnast upp stig sem segja til um ástundun nemandans. Umsjónarkennari upplýsir nemanda/foreldra vikulega um ástundun. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.

- ✓ Fyrir seinkomu fær nemandi 1 stig.
- ✓ Fyrir fjarvist úr kennslustund fær nemandi 2 stig.
- ✓ Fyrir brottrekstur úr kennslustund fær nemandi 3 stig.

Ef nemandi er kominn með 10 stig ræðir umsjónarkennari við hann. Kennari leitar orsaka fyrir vandanum, hvetur nemandann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar og leita lausna. Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála. Ef nemandi er kominn með 16 stig eru foreldrar/forráðamenn boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og jafnframt gert samkomulag sem allir aðilar undirrita. Ef nemandi fer yfir 26 stig er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem m.a. getur óskað eftir aðstoð fræðslu- eða fjölskyldusviðs. Fagfólk þessara sviða gerir áætlun og metur hvort tilkynna þurfi mál til barnaverndar.

Fari nemandi yfir 37 stig tekur barnavernd við málinu.

*Sjá frekar á myndrænu yfirliti hér að ofan.

Um veikindi eða fjarvistir sem ekki eiga sér augljósar skýringar (læknisvottorð eða aðrar upplýsingar sem fyrir liggja)

- Umsjónarkennari / skólahjúkrunarfræðingur kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samfelld.
- Umsjónarkennari vísar máli nemenda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á önn. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð. Ef nemandi hefur sögu um veikindi í hverri viku skal fundað með forráðamönnum, umsjónarkennara og stjórnanda og farið yfir stöðuna og næstu skref ákveðin.
- Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki skal nemendaverndarráð taka ákvörðun um hvort málinu verði vísað áfram til HSN og/eða tilkynnt til barnaverndar.

Leyfi nemanda í lengri tíma s.s. vegna æfinga eða ferðalaga

Umsókn um lengri leyfi nemanda þarf að vera skriflegt og samþykkt af skólastjóra.

Taka þarf fram ábyrgð foreldra á námi barnsins og að þeir tryggi að nemandinn haldi námsáætlun skóla.